

## 123. fundur

Skólanefndar Tónlistarskóla Stykkishólms haldinn miðvikudaginn 16. apríl 2008 kl. 18 á kaffistofu skólans.

Dagskrá:

1. Skýrsla skólastjóra
2. Skólastefna Tónlistarskólans
3. Gjaldskrá fyrir næsta skólaár
4. Önnur mál

Mætt voru: Elísabet L. Björgvinsdóttir, formaður, Daði Jóhannesson og Jóhanna Guðmundsdóttir, skólastjóri.

1. Jóhanna lagði fram dagskrá skólans út skólaárið. Þar má m.a. finna áfangapróf, vorpróf, tónleika, æfingabúðir og tónlistarflutning við ýmis tækifæri. Lokatónleikar og skólaslit verða 28. maí í kirkjunni. Starfsdagur er 25. apríl.

Tónleikar TónVest tókust vel. Kostnaður varðandi þetta verkefni var meiri en fyrir var séð og dugði styrkur Menningarsjóðs Vesturlands ekki.

Litla lúðró var með æfingabúðir með gestalúðrasveit út Grundarfirði í apríl.

Nokkur hljóðfæri hafa verið endurnýjuð nýlega.

Kennarar og nokkrir eldri nemendur tóku þátt í Latin-námskeiði hjá Reyni Sigurðssyni, slagverksleikara í apríl.

Tónlistarskólinn hefur gert samning við FÍT í tengslum við sumartónleikaröðina, sem fellst í námskeiði í gítarleik og tónleikum í kjölfarið, í lok september.

Drög að skóladagatali fyrir næsta skólaár lagt fram. Skólastjóri og kennarar leggja til að næsta skólaár verði 36 vikur í stað 37 í vetur. Ljúki fyrr að vori, sem leiðir til þess að kennsluskylda hvers kennara eykst um hálf klst. á viku, án kostnaðarauka. Skólanefnd fellst á tillöguna.

2. Skólastefnan rædd.
3. Skólanefnd leggur til að gjaldskrá skólans verði hækkuð um 5% fyrir næsta skólaár.
4. Önnur mál.

Jóhanna ræddi starfsmannamál. Skólinn og kirkjan eru í samstarfi varðandi ráðningu á píanókennara og organista. Tvær umsóknir og ein fyrirspurn hafa borist um starfið, allar erlendis frá. Eru þær til skoðunar. Gert er ráð fyrir að allir núverandi kennarar starfi áfram.

Fundi slitið kl. 19.10.

Elísabet L. Björgvinsdóttir (sign.),

Daði Jóhannesson (sign.), Jóhanna Guðmundsdóttir (sign.).